



BETRI BYGGÐ UM LAND ALLT

Reykjavík, 2.11.2012

Hafnarfjarðarkaupstaður
Bæjarráð
Strandgötu 6
220 HAFNARFIRÐI

Erindi: Umsókn um styrk vegna starfsemi Landsbyggðin lífi.


Landsbyggðin lífi, kt. 590701-2540, Logafold 164, 112 Reykjavík, sækir hér með um styrk að upphæð kr. 100.000,- til að sinna grunnstarfsemi samtakanna, en markmið þeirra er að vera samstarfsvettvangur fyrir félög, áhugamannahópa og einstaklinga sem hafa það að markmiði að styrkja sína heimabyggð og byggð á landinu. Þar sem starfsemi samtakanna markast mjög af fjárhagstöðu þess þá er nauðsynlegt fyrir félagið að fá styrki til að geta haldið starfinu áfram.


Samtökin hafa í dag félög á vestfjörðum, norðurlandi og austurlandi. Mjög brýnt er að efla þau og eins þarf að bæta við félögum á landvísu. Samtökin þurfa að geta stutt við bakið á félögunum og hvatt til góðra verka á hverjum stað. Ýmis verkefni eru í gangi, m.a. er verið að vinna grunn að byggðastefnu og ungliðaverkefni þar sem horft er til aldurshópsins 18-30 ára og aðkomu þeirra að samfélaginu. Allt starf LBL er unnið í sjálfboðavinnu en ýmis kostnaður fellur til m.a. rekstur heimasíðu, ferða- og fundakostnaður.

Samtökin eru grasrótarhreyfing, þar sem aðalatriði er að sameina fólk og laða til samvinnu til framgangs góðra málefna, hvort sem er heima eða heiman. Vísað er í nánari upplýsingar um samtökin á heimasíðunni <http://landlif.is/>

Landsbyggðin lífi er hluti af norrænu samtökunum *Hele Norden skal leve*, <http://www.hele-norden.dk/> og í gegnum þau hluti af The Village movement í Evrópu. Virkari þátttaka í þessu samstarfi myndi opna ýmsar leiðir í nýtingu erlendra rannsókna og útgáfustarfsemi tengt málefnum og því er okkur mikilvægt að njóta velvildar innlendra hagsmunaaðila í formi hóflegra fjárframlaga.

Virðingarfyllst,
f.h. Landsbyggðin lífi


Guðrún T. Gísladóttir

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	6-11-2012
Málsnr:	1311049
Bréfali:	105

